



Reykjavík, 31. júlí 2026

HER-202607-9556

Skrifstofa skipulags- og byggingafulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um fyrirhuguð gagnaver á Hólmsheiði

Við er til tölvubréfs frá skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa dags. 23. júlí 2026 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um fyrirhuguð gagnaver á Hólmsheiði. Óskað er eftir afstöðu HER um hvort raunhæft sé að koma upp gagnaverum á þessum stað. HER hefur farið yfir gögn málsins og veitir eftirfarandi umsögn.

HER vill byrja á að benda á 56. gr. samþykktar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, nr. 555/2015, en þar segir að starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef metið er að lítil hætta sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs. Það er því frumskilyrði fyrir því að taka afgerandi afstöðu til þessu hvort gagnaver geti verið á svæðinu að áhættumat liggi fyrir. Þurfi að koma fyrir oliuknúnni varaafsstöð við gagnaverin getur það skapað talsverða áhættu. Talsvert magn af olíu þyrfti að vera til staðar í geymi auk þess sem flytja þarf olíu reglulega inn á svæðið. HER telur því ekki æskilegt að gagnaver sem háð eru oliuknúnni varaafsstöð séu sett niður inni á vatnsverndarsvæðinu. Sé yfirhugað að nota vatn til kælingar þarf að hafa í huga hvort fráveitukerfi muni anna slíkri vatnsnotkun. Þegar liggur fyrir að tæknilega er erfitt að koma fyrir fráveitu á svæðinu, leita þarf umsagnar Veitna um hvort unnt sé að taka við miklu vatnsmagni í kerfið. Til dæmis má nefna að kælikerfi fyrir gagnaver líftæknifyrirtækis í Reykjavík losar um 10.000 rúmmetra af vatni út í fráveitukerfið.

Hvað varðar hávaða og ónæði telur HER að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir því í minnisblaði um hljóðvist hve mikill hávaði kemur til með að vera frá gagnaverunum. Taka þarf einnig tillit til aðstæðna í landslagi, staðsetningu kælikerfa, gerð þeirra, staðsetningu varaafsstöðvar og tíðni keyrsla á henni, auk annarra þátta s.s. ríkjandi vindáttar sem getur haft áhrif á hvernig hljóð berst til nærliggjandi húsa og svæða. Mun betri hljóðvistargreiningu þarf til að meta áhrif gagnavera á nærumhverfið. Þegar meta á heilsuspillandi áhrif hávaða ber ekki einungis að horfa til hávaðamarka, sbr. gr. 7 í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða en þar segir:

„Viðmið heilsuspillandi hávaða er 85 desíbel(A) L_{Aeq} (jafngildishljóðstig í 8 klst). Þegar heilsuspillandi áhrif hávaða eru metin, skal sérstaklega hafa í huga eftirfarandi atriði:



- Styrk hávaðans mældan í desíbelum(A).
- Tónhæð hávaðans.
- Hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur.
- Daglega tímalengd hávaðans.
- Tíma sólarhringsins er hávaðinn varir.
- Heildartímabil, sem ætla má að hávaðinn vari (dagar/vikur).
- Að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir.“

Þarna er um að ræða hávaða sem verður stöðugur, mun vara allan sólarhringinn allt árið um kring. Þó hávaði fari ekki yfir mörk mun stöðugur niður/hávaði hafa áhrif á upplifun fólks sem stundar útivist í nágrenninu. Eins getur hávaðinn valdið ónæði fyrir þá sem starfa á nærliggjandi lóðum og í húsnæði fyrirtækja. Því lengur sem fólk verður útsett fyrir ónæði af völdum hávaða því meiri líkur eru á neikvæðum áhrifum á heilsufar. Ónæði getur orsakað hækkun á blóðþrýstingi og haft áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma, þó svo hljóðstig hafi ekki áhrif á heyrn. Það breytir einnig upplifun þeirra sem koma og sækja þangað þjónustu sem getur haft takmarkandi áhrif á hvaða starfsemi getur verið í nágrenni gagnaveranna.

HER telur þó alvarlegast að staðsetja háværa starfsemi eins og gagnaver í næsta nágrenni við fangelsi og sérstaka öryggisgæslu fyrir fanga. Hér er um að ræða viðkvæman hóp sem glímir við ýmsar áskoranir. Þeir sem þar dvelja hafa ekki færi á að fara annað til hvíldar frá ónæðinu. Fangar fá að stunda útivist innan afmarkaðs svæðis og mjög líklegt er að hljóð frá gagnaverum myndi berast þangað. HER telur þetta geta haft neikvæð áhrif á líðan þeirra sem í þessum stofnunum dvelja.

HER telur ekki æskilegt að gagnaver séu staðsett á fyrirhuguðum stað á Hólmsheiði. Áður en endanlega afstöðu sé hægt að taka um málið þarf að leggja fram mun ítarlegri gögn. HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri í vöktun